



Umgengnisreglur í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda þegar um skipulagt íþróttastarf og kappleiki er að ræða í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar. Reglurnar ná ekki yfir viðburði á vegum einkaaðila þegar íþróttamannvirki eru leigð sérstaklega út.

2. gr.

Umgengni

Notendur íþróttamannvirkja skulu ganga þrífalega um og bera virðingu fyrir eigum annarra. Skóm skal raðað í skóhillur og fatnaði raðað snyrtilega í búningsklefum. Iðkendur skulu nota viðeigandi skófatnað í íþróttasal sem ætlaðir eru fyrir innanhúsnotkun.

Starfsfólk og notendur mannvirkjanna skulu sýna hvert öðru tillitssemi og kurteisi.

3. gr.

Notkun vímuefna og tóbaks

Notkun áfengis, vímuefna, ólöglegra lyfja, tóbaks eða nikótíns í einhverri mynd er óheimil í skipulögðu íþróttastarfi. Einstaklingum undir áhrifum þeirra er vísað úr húsi.

4. gr.

Neysla matvæla

Óheimilt er að neyta matvæla eða nota tyggigúmmí í íþróttasal á meðan á íþróttæfingum stendur en er þó leyfilegt þegar kappleikir fara fram.

5. gr.

Æfingar án þjálfara

Iðkendum er heimilt að æfa í íþróttasal sé salurinn laus. Skal þá iðkandi vera að lágmarki byrjaður í 8. bekk í grunnskóla, skráður hjá íþróttafélagi í Ísafjarðarbæ og þarf þjálfari hans að staðfesta að viðkomandi ráði við þá ábyrgð að vera án þjálfara í salnum. Starfsfólk íþróttamannvirkis skal látið vita áður en farið er inn í salinn og iðkendur skulu ganga vel frá salnum að æfingu lokinni.

Iðkendur mega nota hluta af íþróttasal til æfinga ef þjálfarinn sem er með salinn heimilar það. Iðkendur skulu þá gæta þess að trufla ekki æfinguna sem er í gangi.

Á skipulögðum æfingum barna mætir kennari/þjálfari fyrstur í salinn og bíða iðkendur utan salar þar til hann mætir.

6. gr.

Búningsklefar

Myndataka í búningsklefum er bönnuð.

Það sem gestir hafa meðferðis er á þeirra ábyrgð ef því er ekki komið fyrir í geymslu hjá starfsfólki eða í læstum skápum.

7. gr.

Annað

Gæludýr eru ekki leyfð í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar.

Í leigutímum/sölutímum þarf að gefa upp nafn á ábyrgðarmanni leigutaka. Sá ber ábyrgð á að salurinn verði í góðu ástandi þegar hann er yfirgefinn.

8.gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 5. október 2023.

Samþykkt af íþróttá- og tómstundanefnd Ísafjarðarbæjar 4. október 2023.

Samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 5. október 2023.